



Sorpurðun Vesturlands

Borgarnesi, 9. janúar 2003.

Nefndasvið Alþingis.
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs

UMSÖGN


Ástæða þykir til að benda á að það frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs ber þess nokkur merki að aðeins sé um eitt rekstrarform að ræða í þessum málaflokki, þ.e. byggðasamlag. Eitt fyrirtæki sem rekið er á þessum vettvangi er hlutafélag og í eigu 17 sveitarfélaga á Vesturlandi. Í fyrri umsögn Sorpurðunar Vesturlands hf. var settur fram eftirfarandi texti:

Sorpurðun Vesturlands hf. er eina urðunarfyrirtækið á landinu sem er rekið sem hlutafélag. Því er það umhugsunarefni hvort hlutafélag geti lagt til hliðar fjármagn vegna vöktunarkostnaðar, sem væri frádráttarbært sem rekstrarkostnaður á grundvelli 31. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt. Sveitarfélög og félög sem sveitarfélög bera ótakmarkaða ábyrgð á, svo sem byggðasamlög, eru undanþegin álagningu tekjuskatts sbr. áður nefnd lög og greiða því ekki tekjuskatt til rikissjóðs af rekstrarafgangi sínum. Því þarf að tryggja að það fjármagn sem lagt verður til hliðar til að mæta vöktunarkostnaði eftir að urðunarstað er lokað, verði frádráttarbært sbr. 31. gr. laga nr. 75/1981.

Starfsleyfistrygging skal gilda í 30 ár eftir að urðunarstað er lokað en úrfærsla þeirrar starfsleyfistryggingar liggur ekki fyrir. Þess er farið á leit við Nefndasvið Alþingis að tekið verði tillit til mismunandi rekstrarfyrirkomulags fyrirtækja við nánari útfærslu starfsleyfistryggingarinnar.

Ástæða þykir til að benda á þetta og hvort rekstrarform þeirra félaga/fyrirtækja sem málaflokkurinn varðar geti varðað fleiri mál en hér er getið.

Virðingarfyllst.


Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.